



Óskað eftir viðræðum um kjarasamninginn!

Stjórn og samninganefnd FG hefur óskað eftir því við Launanevnd sveitarfélaga (LN) að hún hefji viðræður við félagið á grundvelli 16. greinar í kjarasamningi. Í kjarasamningi FG og SÍ er eftirfarandi ákvæði:

„... meta hvort breytingar á skólakerfinu eða almenn efnahags- og kjarapróun gefi tilefni til viðbragða og ákveða þær ráðstafanir sem þeir verða sammála um.“ Í aðdraganda að gerð kjarasamnings KÍ og LN 17. nóvember 2004 reyndi FG (KÍ) ítrekað að brjóta upp það viðmið sem ASÍ og SA settu með kjarasamningi sínum

sнемma árs 2004. Í kjarasamningi þeirra var samið um launahækkunir sem námu rúmlega 15% og með gildistíma til ársloka 2007.

Fljótlega eftir að viðræður milli aðila hófust lá ljóst fyrir að LN var ekki tilbúin til þess að hverfa frá þessu viðmiði. Eina leiðin sem var fær til að ná meiri hækkun á launalið kjarasamnings KÍ, var að lengja gildistíma kjarasamnings LN og KÍ fram yfir áramótin 2007/2008.

Nú eru þær forsendur sem gefnar voru í kjarasamningi ASÍ og SA brostnar og búið er ákvarða hækkun á launalið 1. jan. 2007,

úr 2,25% í 2,9% ásamt því að eingreiðsla upp á kr. 26.000,- var greidd nú í desember 2005. Vegna þessarar ákvörðunar ASÍ og SA sem teljum við okkur hafa forsendur til þess að óska eftir endurskoðun á launalið kjarasamnings LN og KÍ vegna grunnskólans.

Þegar þetta er ritað hefur ekki borist formlegt svar frá LN en skv. Morgunblaðinu sér LN ekki ástæðu til að ræða við kennara á forsendum 16. greinar í kjarasamningnum.

Samninganefnd okkar mun fara yfir málið þegar svör berast.

Upphaf kjaramálavinnu FG

FG hélt ráðstefnu 25. - 26. október síðastliðinn undir yfirskriftinni: Ýtt úr vör, kjarastefna í móttun. Ráðstefnuna sátu stjórn og varastjórn FG, samninganefnd og varamenn, skólamálanefnd og formenn svæðafélaga. Ráðstefnan markar upphaf kjaramálavinnu fyrir næstu samningalotu 2007 – 2008. Erindi fluttu Eiríkur Jónsson formaður KÍ, Elna Katrín Jónsdóttir varaformaður KÍ, Aðalheiður Steingrímisdóttir formaður FF, Ólafur Darri Andrason hagfræðingur ASÍ, Jón Pétur Zimsen samninganefnd FG, Þórður Á. Hjaltested varaformaður FG og Ólafur

Loftsson formaður FG. Að erindum loknum var þátttakendum skipt upp í 4 málstofur. Á seinni degi ráðstefnunnar voru störfum málstofa gerð skil og síðan almennar umræður. Samninganefnd FG mun vinna úr niðurstöðum ráðstefnunnar og leggja fram drög að kjarastefnu FG.



Vissir þú?

Hver er munurinn á A-deild og B-deild LSR?

Í byrjun árs 1997 var A-deild LSR stofnuð en hún byggir á stigakerfi þar sem sjóðfélagi ávinnur sér réttindi miðað við greidd iðgjöld sem taka mið af heildarlaunum. Á sama tíma var eldra kerfi sjóðsins, B-deild, lokað fyrir nýjum sjóðfélögum. Í B-deild ávinna sjóðfélagar sér 2% réttindi á ári miðað við fullt starf. Réttindi sjóðfélaga í B-deild reiknast út frá föstum launum fyrir dagvinnu, persónuuppþót og orlofsuppþót skv. kjarasamningum við starfslok. Af heimasíðu LSR, www.lsr.is

NLS Fundur grunnskólasviðs NLS

www.n-l-s.org

Þann 21. – 22. nóvember síðastliðinn var haldinn fundur í Þrándheimi á grunnskólasviði Norrænu kennarasamtakanna. Fyrir hönd FG sótti Þórður Á. Hjaltested varaformaður fundinn. Aðalumræðuefni fundarinnar var kennaramenntun á Norðurlöndum. Norðmenn höfðu framsögu og kynnti deildarstjóri kennaradeildar Háskólans í Þrándheimi, Per Anberg, kennaramenntun í Noregi. Í Noregi hefur ríkið lagt mikla vinnu í að rannsaka kennaramenntun og liggur nú fyrir áfangaskýrsla um úttektina

„Midveisrapporten“. Skýrslan hefur valdið miklum titringi innan norska menntakerfisins og lítur út fyrir að verði stóridómur á nám í skólum sem mennta kennara til bekkjarkennslu. Þar er mikil áhersla lögð á mikla og góða æfingakennslu en minni á djúpa fagþekkingu í einstökum greinum grunnskólans. Háskólar sem mennta faggreinakennara fá betri dóma í skýrslunni þar sem þeir leggja áherslu á akademískt nám og mikla þekkingu í þeim fögum sem kennaranemar velja sér. Fundurinn var sammála um að nauðsynlegt er að gera æfingakennslu hátt undir höfði og jafnframt að leggja áherslu á gæði í menntun kennara og akademíska uppbyggingu námsins.

NLS - Nordiska Lärarorganisationers Samråd

Ísland í forsvari fyrir NLS

KÍ verður í forsvari fyrir norræna samstarfinu á næsta ári og munu þá flestir fundir verða haldnir á Íslandi. Á fundi stjórnar samtakanna 29. nóvember síðastliðinn var

Eiríkur Jónsson valinn til að gegna formennsku í samtökunum árið 2006.



Stjórn og starfsfólk Félags grunnskólakennara óskar ykkur öllum gleðilegra jóla

